

Mál nr. 161/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Skráningarnúmer ökutækis (B)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi ætlað að beygja inn á aðrein að Reykjanesbraut frá Breiðholtsbraut þegar ekið var aftan á bifreið hennar B. Þetta hafi átt sér stað 2. desember 2021 kl. 16:58. Ökumaður A hafi látið sig hverfa af vettvangi en M hafi náð að taka ljósmyndir af bifreið og númeraplötu hans. Þegar M kom heim hafi hún séð skemmdir á B og fundið verki á háls hrygg og baki. Hún leitaði þá til slysadeildar LSH og hafi svo verið greind með tognun á háls hrygg, lend hrygg og mjaðmagreind. Í kjölfarið hafi hún látið Árekstur.is vita af slysinu. Þeir hafi haft uppi á ökumanni A en ekki náð sambandi við hann vegna skýrslunnar. M telur atvikið sannað þar sem fyrir liggja að hún fór á bráðadeildina sama dag og áreksturinn varð og hún lýsi slysinu á sama hátt þar og í skýrslu til Áreksturs.is. Þá er vísað til dómafordæma í málum í Hæstaréttar nr. 228/2913 og 10/2015 og héraðsdóms í máli nr. E-2582/2020. Að lokum liggja fyrir tjónamat á bifreið M hjá Autocenter ehf.

Í bréfi V kemur fram að það hafi ítrekað reynt að ná í eiganda A en ekki tekist og þar sem liggja fyrir einhliða skýrsla M telur V atvikið ósannað og óhjálpskvæmlegt að hafna bótaskyldu.

Álit.

Í máli þessu liggja fyrir framburður M um að ekið hafi verið aftan á bifreið hennar og vottorð frá bráðamóttöku LSD dags. 2. desember 2021 um að hún hafi orðið fyrir áverkum við áreksturinn. Einnig kemur fram að hún hafi talið, þegar áreksturinn varð, að bifreiðin hennar hefði ekki skemmst eða að hún hefði hlotið skaða af árekstrinum sem skýrir vegna hún kallaði ekki til lögreglu eða aðila frá Árekstur.is á vettvang. Framburður M er skýr og samræmdur og fram kemur í skýrslu Árekstur.is að ökumaður A hafi farið af vettvangi. Þá kemur fram að hún hafi tekið mynd af bifreiðinni sem ók á hana á árekstrarstað. Það liggja ekki fyrir í málinu á hvaða hátt V reyndi ítrekað að hafa uppi á eiganda A. Það hlýtur hins vegar að teljast V nær að hafa uppi á viðskiptavini sínum til að fá afstöðu hans. Þar sem það var ekki gert og eins og þetta mál liggja fyrir, þess hversu skýr og stöðugur framburður M, að það liggja fyrir skýrsla á bráðadeild LSH, tjónamat á bifreið hennar og að hún sýni mynd af bifreiðinni sem ók á hana verður talið sannað að bifreiðin A hafi ekið aftan á bifreið.

Hvað varðar orsakatengsl milli árekstursins og áverka M þá liggja fyrir að hún hafi leitað á bráðadeild sama kvöld og áreksturinn varð. Þá liggja fyrir að M leitaði á heilsugæslu í júlí 2020 vegna bakverkja/mjaðmaverkja og að hún hafi verið í meðferð vegna þess hjá sjúkrahjálpara og kírópraktór. Tekið er undir með V að ekki sé unnt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram afleiðingum slyssins á M, að meiri líkur en minni sé á að einkenni M tengist slysinu. Í því sambandi er litið til þess að skemmdir á bifreið M voru mjög litlar. Þau lækisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu veita mjög takmarkaðar upplýsingar um líkamstjón M og varpa ekki fyllilegu ljósi á hvort þau megi rekja til árekstursins. Þannig liggja ekki fyrir nein matsgerð um líkamstjón M. Meginregla um sönnun í skaðabótarétti gera ráð fyrir að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M því að bera hallan af þeim sönnunarskorti sem að framan greinir. Með vísan til þess verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. V er hins vegar bótaskyld vegna ökutækisins B.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík, 4. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir